

Viðbragðsáætlun vegna snjóflóðahættu á Flateyri

Samkvæmt lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, ber Veðurstofu Íslands að gefa út viðvaranir um staðbundna snjóflóðahættu. Skal þá rýma húsnæði á reitum sem tilgreindir eru í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi rýmingaráætlun. Veðurstofan hefur, í samráði við heimamenn, unnið sérstaka uppdrætti af þeitbýlisstöðum landsins, þ.m.t. á Flateyri, þar sem talin er snjóflóðahætta og sýna uppdrættirnir reitaskiptingu rýmingaráætlana viðkomandi staða.

Í kjölfar snjóflóða á Flateyri 14. janúar 2020 hefur Veðurstofa Íslands gefið út nýtt rýmingarkort sem byggt er á endurskoðuðu hættumati.

Í ljósi þessa hefur sameiginlega almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps ákveðið að útbúa viðbúnaðaráætlun þessa vegna snjóflóðahættu á Flateyri, byggt á fyrrgreindu rýmingarkorti Veðurstofu Íslands.

Óvissustig vegna snjóflóðahættu

Óvissustig vegna snjóflóðahættu felur í sér aukinn viðbúnað snjóflóðavaktar Veðurstofunnar og snjóathugunarmanna ásamt samráði við lögreglu og almannavarnir í héraði vegna snjóflóðahættu sem upp kann að koma í byggð. Óvissustig felur ekki í sér yfirvofandi snjóflóðahættu í byggðinni heldur að hætta geti skapast.

Skapist óvissustig vegna hugsanlegrar snjóflóðahættu á norðanverðum Vestfjörðum hefur snjóflóðavakt Snjóflóðaseturs Veðurstofu Íslands samband við lögreglustjórn á Vestfjörðum og almannavarnardeild Ríkislöggreglustjóra með formlegum hætti með tilkynningu þar að lútandi.

Þegar óvissustigi hefur verið lýst yfir sendir lögregla út yfirlýsingum um óvissustig á vefsíðu sinni.

Lögregla og Veðurstofa Íslands eru í kjölfarið í óformlegum samskiptum um þróun mála, bæði í byggð, á hafnarsvæði og á vegum.

Þegar óvissustigi er aflýst sendir Veðurstofa Íslands tilkynningu um aflýsingum óvissustigs til lögreglu og almannavarnardeild Ríkislöggreglustjóra. Lögregla skal senda út yfirlýsingum þess efnis á vefsíðu sinni.

Hættustig vegna snjóflóðahættu

Fyrir þeitbýli felur hættustig vegna snjóflóðahættu í sér rýmingu húsnæðis á ákveðnum reitum sem skilgreindir hafa verið í rýmingaráætlun. Í dreifbýli eru oftast rýmd einstök hús.

Telji Veðurstofa Íslands að hættustig hafi skapast á ákveðnum svæðum er send formleg tilkynning til lögreglunnar á Vestfjörðum og almannavarnardeild Ríkislöggreglustjóra um þá reiti og/eða hús sem rýma skal. Í tilkynningu til lögreglu kemur jafnframt fram frá hvaða tíma hættustig gildir.

Í kjölfar þess hrингir lögregla í húsráðendur í þeim húsum sem rýma skal og tilkynnir um hættustig og nauðsyn rýmingar. Lögregla skal gæta þess að ávallt sé til staðar uppfærður listi yfir íbúa í þeim húsum sem tilheyra rýmingarreitum 4 og 5, skv. rýmingarkorti.

- Við tilkynningu til íbúa skal kannað hvert íbúar ætli sér að fara og hvort almannavarnir þurfi að gera ráðstafanir með aðstöðu fyrir íbúa, s.s. með opnum fjöldahjálparstöðvar. Skal lögregla fá upplýsingar um fjölda íbúa í hverju húsi, hvert þeir fara og símanúmer við tengilið í hverju húsi.

- Komist íbúar ekki frá húsum sínum, s.s. vegna veðurs eða ófærðar, skal löggregla leita til björgunarsveita með aðstoð við að ferja íbúa.
- Náist ekki til íbúa húss símleioðis skal löggregla fara að því húsi og tilkynna um rýmingu. Komist löggregla ekki að húsi, s.s. vegna veðurs eða ófærðar, skal leitað til björgunarsveita um aðstoð.
- Sé talin þörf á að opna fjöldahjálparstöð skal löggregla hafa samband við Rauða kross Íslands á norðanverðum Vestfjörðum, sem sér um opnun og mönnun fjöldahjálparstöðvar. Skilgreind fjöldahjálparstöð á Flateyri er leikskólinn Grænigarður við Grundarstíg 17..

Í kjölfar tilkynningar Veðurstofu Íslands um hættustig skal löggregla sjá til þess að sms-sendingar berist í gegnum endurvarpa, í alla farsíma á svæðinu, þar sem hættustigið er tilgreint, svo og hvaða reitir hafa verið rýmdir. Þá skal lögreglan tilkynna um hættustig og rýmingar á vefsíðu sinni. Þá skal tilkynning sett inn á Facebook síðu Flateyrar (*Flateyri og Flateyringar*).

Þegar hættustigi lýkur skal löggregla hafa samband við íbúa á nýjan leik og tilkynna um afléttingu hættustigs og að heimilt sé fyrir íbúa að snúa aftur heim. Lögreglu er þó heimilt að fá vettvangsstjórn, hafi hún verið skipuð, eða annan þar til bæran aðila, til að tilkynna íbúum um aflýsingu hættustigs. Aflýsing hættustigs skal jafnframt send í sms-boðum í alla farsíma og tilkynnt á vefsíðu lögreglu. Þá skal löggregla sjá til þess að viðvörunarljós á höfninni sé slökkt.

Viðvörunarljós á hafnarsvæði Flateyrar

Þegar hættustig er í gildi á nánar skilgreindu svæði við höfnina á Flateyri skal löggregla sjá til þess að viðvörunarljós logi á höfninni, til merkis um þá hættu sem þar er. Við viðvörunarljósið skulu vera skilti þar sem fram koma upplýsingar um hvaða þýðingu ljósið hefur.

Þegar hættustig er í gildi er öll viðvera og dvöl á umræddu svæði við höfnina (sbr. rýmingarkort) bönnuð.

Viðbúnaðaráætlun þessi tekur gildi við undirritun og skal auglýst opinberlega á vefsíðu Ísafjarðarbæjar og á vefsíðu lögreglu.

Ísafjörður, 19. nóvember 2020



Karl Ingi Vilbergsson
löggreglustjóri á Vestfjörðum



Birgir Gunnarsson
bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar